



NÝTT FYRIRKOMULAG Í MEÐFERÐ PEX- HITAVEITUEFNIS

Stefán G. Stefánsson

Lokaverkefni í véliðnfræði

Vormisseri 2019

Höfundur: Stefán G. Stefánsson
Kennitala: 091189-3059
Leiðbeinandi: Haukur Þorvaldsson

Tækni- og verkfræðideild
School of Science and Engineering

Tækni- og verkfræðideild

Heiti verkefnis:

Nýtt fyrirkomulag í meðferð PEX-hitaveituefnis

Námsbraut:

Véliðnfræði

Tegund verkefnis:

Lokaverkefni í véliðnfræði

Önn:

Vor 2019

Námskeið:

VI LOK 1006

Höfundur:

Stefán Gunnar Stefánsson

Umsjónarkennari:

Jens Arnljótsson

Leiðbeinandi:

Haukur Þorvaldsson

Fyrirtæki/stofnun:

Veitur.ohf
Röraverksmiðjan SET.ehf

Ágrip:

Þetta lokaverkefni er útfærsla á nýju fyrirkomulagi í meðferð PEX hitaveituefnis hjá Veitum.ohf.

Um 20 ár eru síðan PEX lagnir voru fyrst viðurkenndar til notkunar í dreifikerfi hitaveitu á Íslandi. Síðan þá hefur lítil þróun verið í búnaði sem notaður er við lagerhald efnisins og verklagið stenst ekki nútíma kröfur út frá heilsuverndarsjónarmiðum.

Því kom upp sú tillaga að reyna leysa mörg vandamál í einu, með heildstæðri lausn og uppfæra vinnuumhverfið fyrir 21. öldina.

Hannaður er búnaður sem gerir mönnum kleift að nota lagerkefli af PEX efni og þar með halda stærri lager en nú er gert. Þetta eykur þar með yfirsýn á stöðu lagers, er rekstrarleg hagræðing ásamt því að taka minna svæði en núverandi fyrirkomulag gerir.

Einnig er hannaður drifbúnaður á PEX vagna til þess að hægt sé að spóla inn efni af stóru lagerkeflunum. Það er hugsað til þess að auka rekstrarhagkvæmni þar sem ekki þarf að panta efni sérstaklega fyrir hvert verk.

Dagsetning:

17.04.2019

Lykilorð íslensk:

PEX hitaveituefni
Rekstrarhagræðing
Hitaveita

Lykilorð ensk:

PEX pipe
Operational
optimization
District heating

Dreifing:

opin

lokuð

til:



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Stefán G. Stefánsson


Formáli

Þetta er lokaverkefni í Véliðfræði við Háskólann í Reykjavík, Vormisseri 2019.

Verkefnið er upphaflega hugmynd sem leiðbeinandi minn, Haukur Þorvaldsson, fékk þegar við vorum búnir að liggja lengi undir feld með hinar ýmsu tillögur að lokaverkefni. Þær voru nær allar á svipaðri leið, en þær áttu að létta verk manna við núverandi fyrirkomulag sem notast er við í meðferð PEX-hitaveituefnis hjá Veitum. ehf og Röraverksmiðjunni Set. ehf. Verkefnið er unnið í samstarfi við þá.

Þar sem gríðarlegur tími fer í að sinna námi eins og iðnfræðinni þá er hverjum nemandanauðsynlegt að eiga góða að. Því vil ég þakka unnustu minni, Díönu Lind Sigurjónsdóttur, sérstaklega fyrir allt það umburðarlyndi sem hún sýndi mér á meðan náminu stóð og alla þá hjálp sem hún veitti mér við vinnslu og yfirferð verkefnisins.

Sérstakar þakkir vil ég veita leiðbeinanda mínum, Hauki Þorvaldssyni, fyrir góða hugmynd af skemmtilegu verkefni, einnig fyrir frábæra útsjónarsemi og góðs innsæis við frumhönnun verkefnisins.


Stefán G. Stefánsson.



Efnisyfirlit

Formáli	3
1. Inngangur	6
2. Verkefnið	7
2.1 Núverandi fyrirkomulag	8
2.2 Nýja fyrirkomulagið	9
3. PEX-hitaveituefnið	11
3.1 Framleiðslan hjá SET	11
3.2 Lagning heimtauga	12
4. Mögulegur sparnaður	13
4.1 Útreiknuð afföll á ársgrundvelli	13
5. Hönnun á grind fyrir kefli	14
5.1 Grindin	14
5.1.1 Álagsútreikningar grindar	15
5.1.2 Kverksuða	16
5.2 Spacerhjól	17
5.3 Öxull	18
5.3.1 Álagsútreikningar öxuls	18
5.3.2 Öxulþvermál	19
5.3.3 Spennur í öxli	20
5.4 Legur í Spacerhjól	21
5.4.1 Útreikningar krafta á legu	21
6. Átaksútreikningar vegna útdráttar af kefli	22
6.1 Grunnhönnunarforsendur fyrir aflútreikninga PEX-efnisins	22
9.2 Hæsti mögulegur kraftur	23
7. Hönnun drifbúnaðar á PEX-vagn	24
7.1 Keðjudrif	24
7.1.1 Hönnun drifsins	24
7.1.1.2 Niðurstaða keðjuútreikninga	25
7.2 Glussadælan	26
7.2.1 Útfærsla tenginga	27
7.3 Val á glussamótor	28
7.3.1 Mótorinn	29



7.3.2 Útreikningar umboðsaðila.....	29
7.4 Tannhjólin.....	30
7.4.1 Minna tannhjólíð (Z1).....	30
7.4.2 Stærra tannhjólíð (Z2)	30
7.5 Mótorfesting	31
7.5.1 Öryggisfaktor boltans (v).....	31
7.6 Miðstýring fletis	32
7.6.1 Útreikningar legu	32
7.7 Útreikningar öxuls.....	33
8. Kostnaðaráætlun	34
9. Niðurstöður	35
Heimildaskrá	36
Viðaukar	37
Teikningar.....	41-65

1. Inngangur

Veitur er stærsta veitufyrirtæki landsins og þjónar um 75% landsmanna, hvort sem það er rafmagn, fráveita, heitt eða kalt vatn. Heita vatnsins afla Veitur úr lághitasvæðum og frá jarðgufuvirkjunum ON á Hengilssvæðinu. Fyrirtækið þjónar öllu höfuðborgarsvæðinu, auk þéttbýlis og dreifbýlis á Suður- og Vesturlandi og býr að 85 ára sögu sjálfbærrar jarðhitánýtingar. Í dag er um 97% húsnæðis á Íslandi tengt heitu vatni til upphitar og lagnakerfi hitaveitnanna er um 6.000 kílómetrar. Meginhluti þess eru stálpípur en hluti plastlagna úr PEX eykst ár frá ári.

Gríðarleg bylting varð þegar PEX hitaveituefnið kom á markað og augljóst að mikil hagræðing varð hjá veitufyrirtækjum við lagningu nýrra hitaveitulagna, þar sem efnið er ódýrara, mun fljótlegra í lagningu og hefur töluvert minna rennslisviðnám en hefðbundnar stállagnir.

Undanfarin ár hafa starfmenn Veitna þurft að kljást við ýmsar áskoranir í meðferð PEX hitaveituefnis. Þrátt fyrir að Veitur séu búin að vinna með PEX lagnir í rúm 20 ár, þá eru starfsmenn Veitna sannfærðir um að gera mætti töluvert betur þegar kemur að verklagi og utanumhald á PEX efninu. Höfundur verkefnisins er starfsmaður Veitna á Suðurlandi og eru forsendur miðaðar við þær aðstæður og starfsumhverfi. Tekið skal fram að þessi leið er hugsuð sem heildstæð lausn fyrir allar deildir Veitna.

Þetta verkefni er útlistun á hugmynd sem ætlað er að taka á stærstu vandamálunum sem fylgir því að nota PEX-lagnir og halda yfirsýn á lagerstöðu efnisins. Það sem þessi leið er frábrugðin núverandi fyrirkomulagi, er að hún tekur á nær öllum þeim vandamálum sem menn hafa verið að reyna að leysa, ásamt því að vera mikil fjárhagsleg hagræðing þar sem hún sparar bæði efni og vinnu.



2. Verkefnið

Tilgangur verkefnisins er að finna raunhæfa, einfalda, ódýra og hagkvæma lausn sem hámarkar nýtingu og lágmarkar umsýslukostnað sem fylgir því að halda lager af PEX-hitaveituefni.

Hugmyndin er að koma fyrir drifbúnaði á PEX-vagna sem nú þegar eru í notkun hjá Veitum. Þessi drifbúnaður gerir mönnum kleift að spóla inn PEX-lögn í þeirri lengd sem þörf er á hverju sinni á vagninn, t.d. fyrir hvert verk. Hlutverk vagnsins er svo að flytja upprúllað einangrað PEX-hitaveituefni á verkstað.

Hjá Röraverksmiðjunni SET eru stór stálkefli, eða svokölluð lagerhjól, sem geyma 1-3 km. af PEX-efni og eru þau í staðlaðri stærð. Hönnuð er lausn á grindum fyrir þessi stóru stálkefli svo hægt verði að rúlla lögnunum af þeim á öruggan hátt.

2.1 Núverandi fyrirkomulag

Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi hjá Veitum er algengast að pantað séu 100-500 metra rúllur af PEX-hitaveituefni. Hingað til hefur verið reynt eftir fremsta megni að panta efni á lager starfsstöðva Veitna, en erfitt getur verið að halda utan um það hve mikið efni er til hverju sinni. Mikil afföll geta verið á efninu þar sem oft eru afgangar í óhentugum lengjum og það svarar ekki kostnaði að reyna að skeyta því saman. Þetta fyrirkomulag er því verulega óhagkvæmt.

Algengt er að panta þarf efni sérstaklega fyrir hvert verk. Dæmigerð heimtaug í dreifbýli er ca. 50-60 metrar og þá er algengt að pantaðar séu 80-100 metra rúllur. Verklagið er svo þannig að lögnin lögð í skurðinn í ríflegri lengd, svo að endar hennar standi upp úr skurðinum um ca. 1 metra á sitthvorum endanum. Þetta er gert með það í huga að efnið sé örugglega ekki of stutt og er það algjörlega afskurðarins virði. Meðal afskorningur í hverju verki er um 1,5 metrar, en þótt svo þetta kunni að hljóma mikið þá er í raun mesta sóunin í afgangi rúllunnar, en oft er um 5-10 metrar eftir af rúllunni. Flest allar lengjur undir 10-15 metrum eru ónothæfar. Þótt svo leggja ætti aðra heimtaug sem væri ca. 15 metrar þá er ekki notast við afgangana þar sem ekki er tekin sú áhætta að efnið dugi. Þá yrði það líka mun dýrara að þurfa að fara í fýluferðir og tefja verkið um heilan dag til þess að ná í meira efni. Meðal afföll af núverandi fyrirkomulagi, í minni deild hjá Veitum á Suðurlandi, reiknast um 19% eða 190 metrar af hverjum kílómeter.

Geymsla PEX-efnisins er einnig stór þáttur í óhagkvæmi núverandi fyrirkomulags. Þar sem notaðar rúllur geta verið lausar í sér, þá liggja þær eins og hráviðri um allt og leggja undir sig verðmætt athafnarsvæði sem vel gæti nýst í annað.



(Athafnarsvæði Veitna í Hveragerði)

2.2 Nýja fyrirkomulagið

Nýja fyrirkomulaginu er þannig háttað að Veitur munu panta meira af efni í einu, eða um 1–3 km. í senn. Starfsmenn Veitna munu svo spóla inn PEX-lögn á vagnana af keflunum og í þeirri lengd sem þörf er á hverju sinni, t.d. fyrir hvert verk. Umsýslukostnaður hitaveituefnisins mun einnig koma til með að lækka töluvert, þar sem sérferðir í Röraverksmiðjuna eða til Reykjavíkur til þess að ná í litlar rúllur af efni verða óþarfar, ef miðað er við Suðurlandsdeild með starfsstöð í Hveragerði. Ferðirnar skipta tugum á ári hverju og eru ótrúlega tímafreakar. Þessar sí-endurteknu smápantanir eru einnig gríðarlega kostnaðarsamar fyrir birgja þar sem töluvert vinna er að rúlla hverja rúllu og mun það lágmarkast með nýju fyrirkomulagi.

Nýja fyrirkomulagið er töluvert öruggara séð út frá heilsuverndar sjónarmiðum. Starfsmenn losna við að burðast með rúllurnar, ýmist með höndunum eða að þurfa að reiða sig á gamlan vörubíl með krana til að hífa stærri rúllur á vagnana. Hjá SET eru vinnubrögð við fermingu PEX-efnisins á vagnana einnig mjög vandræðaleg og jafnvel hættuleg. Þar er oftast notast við almennan lyftara til þess að hífa rúllurnar á vagninn en miðjugrind vagnsins gerir erfitt fyrir. Stundum þarf að nota tvo lyftara samtímis sem eru staðsettir sitthvoru megin undir rúllunni.



(Dæmi um fermingu á PEX-vagn hjá SET en hér var m.a. annar lyftarinn fastur á svelli)

Nýja fyrirkomulagið mun einnig gefa mun betri yfirsýn yfir lagerstöðu hitaveituefnisins. Mun auðveldara er að bregðast snemma við þegar efnið minnkar á lager og þar með útiloka að hætta þurfi skyndilega við verkefni vegna skorts á efni, en það er allt of algengt og léleg nýting á mannafla.



(Uppröðuð stálkeflin taka töluvert minna pláss)

Nýja fyrirkomulagið mun koma til með að vera töluvert umfangsminna og spara gríðarlegt pláss á athafnarsvæði Veitna.

Efnissparnaður er líklegur til að ná afföllum efnis niður í 13% þar sem einungis er tekið af keflinu fyrir hvert verk og ekki þarf að henda 10-15metra afgangum á 100 metra fresti.

3. PEX-hitaveituefnið

Óhætt er að segja að gríðarleg bylting varð þegar PEX hitaveituefnið kom á markað og augljóst að mikil hagræðing varð hjá veitufyrirtækjum við lagningu nýlagna og heimtauga. Ef bornar eru saman stállagnir við PEX-lagnir, þá er uppgefinn endingartími PEX um 50 ár en ending stálsins töluvert lengri eða allt að ótakmörkuð, að því gefnu að ekkert súrefnisríkt vatn komist nálægt lögninni.

Raunin er samt sem áður sú að stállagnir eru ekki endingabetri, en ending stálsins er alltaf háð því að kápuþefnið sé í lagi og haldi jarðvatni frá. Ytri-lög hitaveituefnis samanstendur af PUR einangrun og svörtum plaströrum sem ytri hlíf. Hlífðarrörin utan um einangrunina eru gerð úr svörtu Polyethelyne (PE) plastefni. Það hefur góðan styrk og högg- og ljóspól í samanburði við önnur plastefni en ending PE efnisins er hinsvegar takmörkuð. Dæmi eru um veitukerfi í Ölfusi þar sem 35 ára hitaveitulagnirnar eru ónýtar þar sem hlífðarkápan er öll sprungin og rifin sökum öldrunar. Þessar lagnir eru hinsvegar úr plasti og eru enn í fullri notkun en ekki þyrfti að spyrja að leikslokum væru þetta stállagnir.



(Elipex – mynd úr bæklingi frá SET)


3.1 Framleiðslan hjá SET

Hjá SET hafa menn foreinangrað stálror fyrir hitaveitur í fjóra áratugi og stunda nú þróunarstarf við að ná fram auka einangrunargildi slíkra röra. Í dag er um 97% húsnæðis á Íslandi tengt heitu vatni til upphitunar og lagnakerfi hitaveitnanna er um 6.000 kílómetrar. Meginhluti þess eru stálpípur.

SET hefur þróað og sett á markað nýja gerð hitaveituefnis, sem felst í að plaströrin eru einangruð og kápuþlædd í sama ferli, með nýrri einangrunartækni. Rörin eru oft nefnd Contirör með vísan í aðferðina Continuous (*samfelldur*). Efnið kom svo á markað hjá SET vorið 2006, PEX-a plaströr sem eru einangruð, undir framleiðsluheitinu Elipex og er það efnið sem Veitur nota í dag.

3.2 Lagning heimtauga

Flestar heimtaugar í dreifbýli eru að meðaltali 50-60 metrar. Vinna við slíkar heimtaugar felst í góðum undirbúningi og fyrirbyggju. Þar sem vegalengdir frá starfsstöð og verkstað eru oft ansi langar þá er ekki í boði að taka áhættu með efnismagn. Því er oft farið af stað með 80-100 metra langar rúllur af PEX-lögnum.



(Mynd úr gagnagrunni Veitna – Inntaksskápur í sumarbústað)



(Mynd úr gagnagrunni Veitna – Heimtaug í sumarbústað)

Þegar skurðurinn hefur verið grafinn, er lögnin lögð í og endar hennar lagðir að þeim stöðum sem þeir eiga að tengjast. Verklaginu hefur verið þannig háttáð að endarnir eru um ca. 1 meter of langir. Þetta er gert með það í huga að efnið sé örugglega ekki of stutt og að hægt sé að taka afréttingar á PEX-lögninni þegar inntaksgrindin hefur verið fest upp og allur búnaður tengdur. Meðal afskorningur í hverju verki er um 1 - 2 metrar.

Á árinu 2018 lögðu Veitur 708 heimaæðar en þar með voru lagðir 8 kílómetra af PEX hitaveituefni í jörðu.

<i>Fjöldi heimlagna</i>	<i>Heildarlengd heimlagna (m)</i>	<i>Heildarlagning 2018 (m)</i>
708	7457	8000

(PEX-lagnir 2018, upplýsingar frá Landupplýsingadeild Veitna)

4. Mögulegur sparnaður

Til þess að einfalda útreikninga er hægt að miða við fast miðgildi afskorninga og er það valið með skekkjumörkum. Raunhæf tala er 1,5 metri fyrir hverja heimtaug þar sem miðað er við lagningar í þéttbýli og dreifbýli.

Miðað við fjölda heimlagna reiknast afföll vegna afskornings um 1.062 metrar. Þetta eru föst afföll og erfitt er að komast hjá þeim. Ef algengast er að pantaðar séu 200 metra rúllur sem duga ættu fyrir 15 heimtaugar þá yrðu föstu afföllin 20 metrar. Tekið skal fram að nákvæmar upplýsingar liggja ekki fyrir og því eru útreikningar miðaðir við miðgildi eða ákveðið meðaltal sem hlutaðeigandi aðilar hafa sammælt að raunhæft sé að fara eftir.

Heildar afföll á árinu eru því:

<i>Meðallengd heimlagna (m)</i>	<i>Heildar afskorningur heimtauga ^{mv}/1,5m (m)</i>	<i>Fjöldi pantana heimlagnaefnis ^{mv}/15 heimt.</i>	<i>Áætluð afföll vegna núverandi fyrirkomulags (m)</i>
10,5	1062	48	460

4.1 Útreiknuð afföll á ársgrundvelli

Áætluð afföll núverandi fyrirkomulags með skekkjumörkum $1062\text{ m} + 460\text{ m} = 1522\text{ m}$

Áætluð afföll nýs fyrirkomulags með skekkjumörkum $1062\text{ m} + 30\text{ m} = 1092\text{ m}$


Hefði nýja fyrirkomulagið verið í notkun má áætla að afföllin væru ekki nema um 1.092 metrar í stað 1.522 metra, þar með sparast 430 metrar á ársgrundvelli. Því er ljóst að hægt er ná umtalsverðri hagræðingu í efniskaupum með þessu nýja fyrirkomulagi.

5. Hönnun á grind fyrir kefli

5.1 Grindin

Við hönnun og útfærslu grindarinnar er leitast eftir að hafa grindina sem einfaldasta og praktískasta. Helstu hönnunarforsendurnar eru þær að hún skal vera stöðug með keflið og þarf því að vera frekar þung og helst með lágan þyngdarpunkt. Hún þarf að hafa gott tæringarþol og það mega alls ekki geta skapast aðstæður þar sem tæring getur falist í sjónskoðun, með þeim afleiðingum að burðargeta rýrni og grindin gefi eftir með tilheyrandi hættu fyrir þá sem nálægt eru. Með þessar forsendur að leiðarljósi vel ég að notast við opna leiðara eins og skúffur og vinkla en þannig má með auðveldum hætti fullnægja hönnunarforsendunum.

(Hlið grindarinnar - sýnir stefnur álagskrafta)




Veikasti hlekkur grindarinnar er í kverkunum þar sem skúffurnar mætast í neðra horni og verkar skerkrafturinn F_x á suðuna í kverkinni.

Grindin er A laga rammi úr 100 skúffu og soðin saman á samskeytum. Neðri leiðarinn er úr 120mm skúffu og bitar á milli hliðanna er úr 70 x 50 x 7 vinkil. Efst á toppnum er vinkilstubbur úr 150 x 150 vinkil en hann er notaður sem sæti fyrir öxulinn til að hvíla í og leiðir álagið eftir miðri skúffunni og niður í neðsta leiðarann.


5.1.1 Álagsútreikningar grindar

Grindin var teiknuð í Inventor Professional 2019. Notast var við sjálfvirka álagsútreikninga forritsins þar sem álagspunktur voru staðsettir og greindir. Einnig staðfesta niðurstöðurnar styrkleika hönnunarinnar þrátt fyrir smá tæknileg vandræði með forritið, þar sem ekki tókst að sjóða allar kverkasuður í efri samsetningu grindarinnar. Það veldur smávægis skekkjum í útreikningum forritsins og velur forritið því mesta álagið á efri í stað neðri samsetningu.


Name	Minimum	Maximum
Volume	22110200 mm ³	
Mass	172,713 kg	
Von Mises Stress	0,0000000000888252 MPa	6,24636 MPa
1st Principal Stress	-1,49209 MPa	8,93514 MPa
3rd Principal Stress	-3,83595 MPa	2,92362 MPa
Displacement	0 mm	0,0106659 mm
Safety Factor	9,81156 ul	15 ul




VonMisesStress(6,24Nmm²)



Álagsflokkur 1 (8,93 Nmm²)




Hreyfing undan álagi (16,7x10⁻³mm)



Öryggisfaktor (9,8)

5.1.2 Kverksuða

Þar sem efnisþykkt skúffunnar er 6 - 8,5mm þá er hentugast að MIG sjóða skúffurnar saman með a-8 fasaðri kverksuðu, en hún reiknast að flatarmáli sem 8mm strengur sem margfaldaður er svo með heildarlengd suðunnar.



$$A_{suða} = 8(100 - (8,5 * 2) + 2(50 - 6)) = 1368mm^2$$

$$F_x = \sin 61 * \frac{F}{4} \quad \sin 61 * \frac{43699}{4} = 9555N$$

Tafla 7.3 í Statik og styrkelære Klippispenna $T_l = 65 N/mm^2$

Leyfileg klippispenna á suðu: öryggisfaktor 0,6 - $T_{ls} = T_l * 0.6 = 65 * 0.6 = 39N/mm^2$

Klippikrafturinn sem virkar á suðuna

$$T_{raun} = \frac{F}{A} \Rightarrow \frac{9555N}{1368} = 6,98 N/mm^2 < T_{ls} = 39 N/mm^2$$

5.2 Spacerhjól

Þar sem miðja keflisins er stór, þarf að sérsníða innlegg svo hægt sé að festa öxulinn í miðju keflisins og bera þunga þess. Þessi miðjustýring verður hér eftir kallað „Spacerhjól“.

Spacerhjólið samanstendur af eftirfarandi hlutum sem allir eru úr ST-37:

Ytri hring - 8mm flatjárni sem valsað er í hring með ásoðnum hring sem skorin hefur verið út úr 8mm plötu.

Spacerplata - sem skorin út úr 10mm plötu með 6 arma og miðjugati fyrir leguhús.

Innri hringur – er sérsníðað sivalningslaga leguhús sem er heilsóðið í miðja Spacerplötuna.

Þar sem form Spacerhjólsins er frekar óhefðbundið þá er öruggast að styðjast við burðarþolsútreikningar úr Inventor, myndirnar hér að neðan eru yfirlitsmyndir úr álagsútreikningum.


Álag 2: Fjaðrandi í eina átt. Smíðaefni ST 37-2

Leyfilegar spennur: (öryggisfaktor vegna suðu $\nu=0,6$)

Tafla 7.4 í Statik og styrkelære. Álagsfl 2. Beygjuspenna $\sigma_{leyf} = 85/\nu = 51 \text{ N/mm}^2$

Tafla 7.3 í Statik og styrkelære. Álagsfl 2. Klippispenna $\tau_{leyf} = 65/\nu = 39 \text{ N/mm}^2$

Eins og sjá má, þá er hjólið vel burðugt fyrir það álag sem lagt er á það en hér er $F=20 \text{ KN}$




5.3 Öxull

5.3.1 Álagsútreikningar öxuls

Þyngd keflisins og togkraftur sem verkar á keflið mynda einn lokakraft

(Allir útreikningar miðast við mestu mögulegu hámarksþyngd keflisins)

Taka skal fram að mesta útreiknaða þyngd á Lagerkefli er 4518kg en það er töluvert þyngra en keflin sem Veitur munu koma til með að panta en hönnunin þarf að miðast við verstu aðstæður.



$$F_y = (m_{kefli} 4518\text{kg} + m_{spacer} 2 \times 123\text{kg} + m_{öxull} 63\text{kg}) \times 9,81 = 47.353\text{N}$$

$$\text{tog kraftur frá vagni } F_x = 1370\text{N}$$


$$\Sigma F = \sqrt{47353^2 + 1370^2 + 2 * 47353 * \cos(90)} = 47.373\text{N}$$

$$F = \frac{47.373\text{N}}{2} = 23686,3\text{ N}$$




Þar sem keflið hvílir á öxlinum á tveimur stöðum, þá eru undirstöðukraftarnir jafn stórir.

$$R_A = R_B = \frac{\Sigma F}{2} = \frac{47373}{2} = 23686,3\text{ N}$$



Keflið hvílir 130mm frá undirstöðunum, og mynda þar með beygjuvægi á öxulinn.



$$Mb = F_L \times L = 23686,3N \times 130mm = 3 \times 10^6 Nmm$$

5.3.2 Öxulþvermál

Þar sem mesta álagið er beygjuspenna, þá er þvermál öxulsins fundið með leyfilegri beygjuspennu til viðmiðunar.

$$m/v \text{ stál } \text{ST-50-2} \rightarrow b_b 125 Nmm^2$$

Tafla 7.4 í Statik og styrkelære. Álagsfl.2. Beygjuspenna $\sigma_{b, \text{leyf}} = 125 N/mm^2$

$$\text{miðaðv. } b_b = \sqrt[3]{\frac{MBx32}{b_b x \pi}} \Rightarrow \sqrt[3]{\frac{3x10^6 x 32}{125 x \pi}} = 62,5mm$$

Í ljósi þessa tel ég heppilegt að velja 65mm öxul.



5.3.3 Spennur í öxli

Valinn $\varnothing 65\text{mm}$ öxull

Raunspennur

$$b_b = \frac{MBx32}{d^3x\pi} \Rightarrow \frac{3x10^{36}x32}{65^3x\pi} = 111,2 \text{ Nmm}^2$$

$$T_{kl} = \frac{F_L}{A} \Rightarrow \frac{23686,3N}{\frac{40^2x\pi}{4}} = 7,1 \text{ Nmm}^2$$

Sameiginlega spennan

$$b_{b_{sam}} = \sqrt{b_b^2 + 3T_{kl}^2}$$

$$b_{b_{sam}} = \sqrt{(111,2^2) + 3(7,1)^2} = 16,6 \text{ Nmm}^2$$

Leyfilega spennan

$$b_l = \frac{b_D x d_1 x d_2}{\beta_1 x v}$$

$$b_l = \frac{750 x 0,95 x 0,88}{2,25 x 3,5} = 79,6 \text{ Nmm}^2$$

$$b_D = 750$$

$$d_1 = 0,95$$

$$d_2 = 0,88$$

$$\beta = 2,25$$

$$v = 3,5$$

5.4 Legur í Spacerhjól

5.4.1 Útreikningar krafta á legu

$$RA = \sqrt{\Sigma f y^2 + \Sigma f x^2}$$

$$F_N = F \left(\frac{L_N}{L_I} \right)^{1/a}$$

$$RA = \sqrt{2651^2 + 1285^2} = 2946N$$

$$n = \frac{60 \cdot \frac{180}{\pi}}{360^\circ} = 9,54 \text{ sn/min} \Leftrightarrow 572,9 \text{ sn/klst}$$

$$\text{meðaltali 1 klst á dag.} \Leftrightarrow 206 \times 10^3 \text{ sn á ári}$$

$$10 \text{ ár} \Leftrightarrow 2,06 \times 10^6 \text{ sn/á 10 árum}$$


$$a = 3,33 \text{ (keflalegur)}$$

$$F_{NRA} = \frac{47373}{4} \left(\frac{2,06 \times 10^6}{1 \times 10^6} \right)^{\frac{1}{3,33}} = 14,7KN$$

Eftir þessum niðurstöðum er hægt að finna réttar legur sem þola álagið. Notast er við legutöflu frá leguframléiðandanum SKF. Valin er legan NJ 1016 ECML en hún er lokuð keflalega og verður einnig varin með pakkdós í enda öxulhússins. Í heild eru legurnar 4 sem halda uppi keflinu og því er kraftinum deilt með 4.


NJ 1016 ECML

Dimensions



d	80	mm
D	125	mm
B	22	mm
d ₁	≈ 96.2	mm
D ₁	≈ 111.6	mm
F	91.5	mm
r _{1,2}	min. 1.1	mm
r _{3,4}	min. 1	mm
s	max. 1.5	mm

6. Átaksútreikningar vegna útdráttar af kefli



6.1 Grunnhönnunarforsendur fyrir aflútreikninga PEX-efnisins

Ásættanlegur afrúllunarhraði með tilliti til rekstrarhagkvæmis, án þess að fórna öryggi starfsmanna eða rekstraröryggi búnaðar, tel ég vera 0,3m/sek (v). Með þessum hraða tekur ekki nema 5 mín að setja 100m á vagninn við bestu aðstæður. Þessi hraði tel ég þó vera einn sá mesti mögulegi hraði sem vagninn yrði stilltur á en framkvæma þarf nákvæmari prófanir og fínstillingar við raunaðstæður.

Snúningshraði (n)

$$n = 60\text{sek} * \frac{v}{2\pi * r}$$

$$n_{kefli} 60 * \frac{0,3 \text{ m/s}}{10 \text{ m}} = 1,79\text{sn/min} \qquad n_{vagn} = 60 * \frac{0,3 \text{ m/s}}{2\pi * 0,6} = 4,77\text{sn/min}$$

Hornhraði (ω)

$$\omega \text{ (rad/s}^{-1}\text{)} = \frac{2\pi}{60} * n$$


$$1,79\text{sn/min} * \frac{2\pi}{60} = 0,187 \text{ rad/s}^{-1} \qquad 4,77\text{sn/min} * \frac{2\pi}{60} = 0,49 \text{ rad/s}^{-1}$$

Snúningsvægið sem þarf að verka á keflið (M_{kefli})

$$\tau M = \left(\frac{1}{2}mr^2\right) \alpha \qquad t = \left(\frac{1}{2} * 4450\text{kg} * 1,6^2\text{m}\right) 0,187\text{rad} = 1065 \text{ Nm}$$

9.2 Hæsti mögulegur kraftur (F_{kefli})

$$F_{kefli} = \frac{(M_{kefli} + M_{Legur} + M_{pex})}{r_{pex}} = \frac{(1065 + 2,1 + 200)}{1,6 m} = 792 N$$



Lágmarks snúningsvægi PEX vagnsins (M_{vagn})

$$M_{vagn} = F_{kefli} * r_{vagn} = 792 N * 0,6 m = 475,2 Nm$$

Lágmarks snúningsvægi mótors

$$M_{mótor} = M_{vagn} \left(\frac{z_2}{z_1} \right) = 475,2 * \left(\frac{51}{15} \right) = 139,7 Nm$$

Aflþörf mótorsins ($P_{mótor}$)

$$P_{mótor} = M_{mótor} * \omega_{mótor} = 139,7 * \left(\left(4,77 * \frac{51}{15} \right) * \frac{2\pi}{60} \right) = 237,2 W$$

7. Hönnun drifbúnaðar á PEX-vagn

7.1 Keðjudrif

Notast er við keðju frá framleiðandanum Renold. Hjá þeim eru allar upplýsingar vel aðgengilegar á netinu og í bæklingum og alla íhluti er hægt að nálgast hjá Fálkanum sem er umboðsaðili Renold á Íslandi. Notast er við formúlur frá framleiðanda fyrir keðjuval (sjá viðauka) ásamt sjálfvirkar reiknivélar á vef framleiðandans og niðurstöðurnar bornar saman.

7.1.1 Hönnun drifsins

Drifhlutfall

$$i = \frac{n_1}{n_2} \Rightarrow \frac{16}{4,77} = 3,35$$

Pitch val

Tannafjöldi valinn.

P = samkv.Töflu = 25,4mm
3,4

$$\frac{z_1}{z_2} = \frac{15}{51} =$$

Miðjubil.

$$c = p \times 30 \Rightarrow 19,05 \times 30 = 571,5\text{mm}$$

Aflstuðull

$$f_1 = 19 \quad f_2 = \frac{f_1}{z_1} \Rightarrow \frac{19}{15} = 1,27$$

Viðmiðunarafl

$$\omega_{mótor} = \left(\frac{51 * 4,77}{15} \right) * \frac{2\pi}{60} = 1,69 \text{ rad/s}^{-1}$$

$$P_{mótor} = M_{hámark} * \omega \quad 420 \text{ Nm} * 1,69 = 709,8\text{W}$$

Reiknivél Renold gefur upp **704W**, ég vel því þá tölu til að útreikningar stemmi

$$P_v = P * f_1 * f_2 \Rightarrow 0,704 \times 1,9 \times 1,27 = 1,69 \text{ KW}$$

Keðjulengd

$$L = \frac{(z_1 + z_2)}{2} + \frac{2C}{P} + \frac{\left(\frac{z_1 + z_2}{2}\right)^2 \times P}{C}$$

$$\frac{(15 + 51)}{2} + \frac{2 \times 571,5}{25,4} + \frac{\left(\frac{15 + 51}{2}\right)^2 \times 25,4}{571,5} = 78 \approx 80 \text{ hlekkir}$$

Nákvæmt miðjumál

$$C = \frac{p}{8} \left[(2 \times l) - z_2 - z_1 + \sqrt{\left((2 \times l) - z_2 - z_1 \right)^2 - \left(\frac{\pi}{3,88} \times (z_2 - z_1) \right)^2} \right]$$

$$C = \frac{25,4}{8} \left[(2 \times 80) - 51 - 15 + \sqrt{\left((2 \times 80) - 51 - 15 \right)^2 - \left(\frac{\pi}{3,88} \times (51 - 15) \right)^2} \right] = 578,6 \text{ mm}$$

7.1.1.2 Niðurstaða keðjuútreikninga

Til þess að fá sem mýksta keyrslu á kerfinu þá þarf að halda pitch í lágmarki og smurningsaðferðum mögulegum. Miðað við hönnun kerfisins þá er valið að nota einfalda keðju og manual smurningu. Eins og sjá má á töflu hér að neðan, þá eru niðurstöður þær sömu í handútreikningunum og í vefreiknivél Renold og styðja því hvor aðra.

Chain Details

Input Power:	P = 0.704 kW	Pitch:	p = 25.4 mm
Input Speed:	n = 16 rpm	ISO Breaking Load:	Fb = 60000 N
Chain Linear Velocity:	v = 0.1 m/s	Bearing Pressure:	pr = 32.98 N/mm ²
Torque:	T = 420 Nm	Bearing Area:	f = 2.1 cm ²
Static Force:	F = 6925.8 N	Weight:	q = 2.8 kg/m
Dynamic Force:	Fd = 6925.8 N	Chain Length:	l = 2032 mm
Centrifugal Force:	Ff = 0.03 N	Centre Distance:	a = 578.48 mm
Total Force:	Fg = 6925.9 N	Number of Links:	X = 80
Chain Safety Factors:	static = 8.7 dynamic = 8.7		

RENOLD
Synergy™

16 B (ISO 606) Simplex

Serial Number: **GY16B1**

The working life of the chain is greater than 30000 hours.

After this time:
The chain will reach 3% elongation.

Chain Drive

Sprocket	Driving (Z1)	Driven (Z2)	
Number of Teeth:	15	51	Ratio: i = 3.4
Pitch Circle Diameter:	122.167 mm	412.6 mm	
Loading Classification:	Smooth Running	Smooth Running	

Environment Conditions


Environment Conditions:	Outdoor, Abrasive
Service Conditions:	Recommended
Recommended Lubrication:	Manual Lubrication

7.2 Glussadælan

Þar sem PEX-vagninn þarf að vera frekar sjálfstæður, þá er hagkvæmast að glussadælan sé áföst vagninum og geti þar með drifið fletið með sem minnstri fyrirhöfn.

Fyrirtækið FLOWFIT í Bretlandi hefur gott úrval vökvakerfalausna fyrir bíla og býður uppá fullbúin vökvakerfi fyrir bíla 12V og 24V. Þessi kerfi samanstanda af rafknúinni glussadælu, rafstýrðri ventlakistu, forðabúri ásamt öryggisloka og flæðisstilli.

Valin er NG6 POWER PACK frá FLOWIT. Kerfið hefur 5L/mín hámarksflæði og 200 bar hámarksþrýsting. NG6 kerfið er mjög fyrirferðalítið og kemst auðveldlega fyrir á beisli PEX-vagnsins. Virkni dæluinnar er svo stýrð með fjarstýringu sem tengd er við dæluna með kapli. Tveir takkar eru svo notaðir til að stjórna virkni vagnsins, annar stjórnar réttsælis snúningi og hinn rangsælis snúningi.



7.2.1 Útfærsla tenginga

Glussadælan er svo tengd við rafkerfi bílsins með sérstökum kapal, en þjónustubíllar Veitna hafa öflugt aukarafkerfi ásamt tveimur rafgeymum og spennubreytum fyrir 220V. Straumtaka glussakerfisins er að hámarki 112 A við 5L/mín. Glussakerfið er svo lagt úr ryðfríum lögnum frá dælu og í mótör. Einnig er settur kúluloki á milli A og B, sé hann opnaður má snúa fletinu með höndum sem er nauðsynlegt að hægt sé að geta t.d ef vagninn er ekki við bíl og dælan því óvirk. Þar sem lagnir frá mótörnum eru blindaðar í ventlakistunni þegar kerfið er óvirkt, þá kemur það sér einstaklega vel þar sem fletið er þá læst með glussamótörnum og kemur í stað núverandi snúningslásar sem er ómerkilegur hespulás.



Flowfit 12VDC Double Acting NG6 Solenoid Valve Hydraulic Powerunit

POWERUNIT PACKAGE to operate a double acting cylinder on a variety of applications, complete with detachable two button pendant.

12VDC powerunit.
2.1cc/rev gear pump.
1.6kw 12VDC electric motor c/w relay and plastic motor cover.
4.5 Litre or 8.0 Litre reservoir c/w drain plug.
Powerpack complete with suction strainer, return oil conveyor and filler breather.
Horizontal mounting.

Max pressure 200 bar.
Relief valve set at 160 bar but adjustable from 40-200 bar as standard.
Max flow 5 l/min.
Relief valve and P line check.
Port size 3/8" BSP.
2 Button detachable pendant on a 4 metre lead.
Suitable for all double acting applications.

WITH MANY ADDED FEATURES SUCH AS DETACHABLE PENDANTS FOR ADDED SECURITY, REMOVEABLE PLASTIC MOTOR COVER AND A VARIATION ON WHICH RELIEF VALVE SPRING IS FITTED YOUR ARE GETTING AN EXCEPTIONALLY GOOD QUALITY PRODUCT AT A VERY COMPETITIVE PRICE.



7.3 Val á glussamótör

Fyrrgreindar upplýsingar nýtast svo sem hönnunarforsendur fyrir mótörval.

Ég setti mig í samband við Landvélar sem er umboðsaðili Parker á Íslandi, þar fékk ég þær tækniupplýsingar sem mig vantaði við val á glussamótör. Í samráði við Karl F. Sigurðsson, tæknifræðing Landvéla, varð fyrir valinu Parker TE-50 með 1" öxul. Þessi glussamótör er úr „Tork“ – línu Parker og hefur mikið snúningsvægi á lágum snúning.

Innsláttur, þekktar stærðir	Mótörgerð:		
FULLT RÚMMÁL MÓTORS	V	50	cm ³
Reiknað: Rúmmál mótör + gír	V _i	280	cm ³ /snún
Nýtnikonst (jafngildir x% - nýtni)		1,03	97%
Nauðsynlegur þrýstingur á dælu	p	100	bar
Þrýstifall yfir mótör	p _d	1	bar
Fæðiþrýstingur	p _c	2	bar
Óskaður snún.hraði	n	17	sn/mín
Lekatap alls í mótör	Q _l	0,1	l/mín

TE 50 hefur rúmmálið 280 cm³/snún, því er hægt að finna stillingu flæðiloka

$$Q = V_i * n$$

$$280 \text{ cm}^3/\text{sn} * 17 \text{ sn}/\text{mín} = 4760 \text{ cm}^3/\text{mín}$$

Mesti snúningshraði mótors ^{mv}(5 L/min)

